



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 2.3.2015  
Tilvísun: 201502-0025

**Efni: Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélags), 514. mál.**

Frumvarpinu er ætlað að skýra hlutverk veiðifélaga og tiltekna ráðstöfun eigna utan veiðitíma.

Varðandi fyrri hluta þeirrar málsgreinar sem lagt er til að bætist við 1.mgr. 37.gr. þar sem segir „að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn“ leggur ASÍ til að aftan við bætist „í þágu sameiginlegra réttinda þeirra skv. lögum þessum“. Með þeim hætti fæst ekki misskilist að ekki sé verið að opna fyrir heimildir til hvaða ráðstöfunar sem er og sem arðsöm kann að vera enda um sérstakt skylduaðildarfélag að ræða sem vegna þeirrar stöðu sinnar getur ekki og á ekki að takast á við önnur verkefni en þau sem skylduaðildina réttlæta.

Vakin er athygli á því, að fjallað er um sjálfstæðar eignir veiðifélaga í 6.mgr. 37.gr. Betur færi á því að síðari hluti þeirrar málsgreinar sem lagt er til að bætt verði við 1.mgr. 37.gr. þar sem segir „Heimilt er veiðifélagi að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi“ yrði fluttur þangað enda vart sjálfstætt hlutverk veiðifélaga að ráðstafa eignum utan veiðitíma þó opna þurfi heimild til slíks vegna óskýrleika gildandi laga.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.

Reykjavík, 25. febrúar 2015

**Efni: Umsögn LV mál 514, meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélags**

Landssamband veiðifélag leggur þunga áherslu á að lagaumhverfi veiðimála sé sem skýrast á hverjum tíma. Lögboðin skylduaðild veiðiréttareigenda að veiðifélögum og ásamt því að veiðifélag ráðstafar veiðirétti félagsmanna kallar á að allt starf veiðifélaga sé markað með skýrum hætti í gildandi lögum. Veiðifélög eru atvinnurekstrarfélög í eðli sínu og hafa því beint fjárhagslegt gildi fyrir félagsmenn sína. Á undanförunum áratug hefur farið fram heildarenduskoðun á lagaumhverfi veiðimála. Þótt mikið hafi áunnist í þeim efnum er staðan þó sú að láðst hefur að setja skýra reglu í lög nr. 61/2006 um lax og silungveiði, um meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélags. Með þessu frumvarpi sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur unnið í samvinnu við Landssamband veiðifélaga er bætt þar úr.

LV vísar til sjónarmiða sem fram koma í greinargerð og athugasemdum við frumvarpið og gerir þau að sínum.

Landssamband veiðifélaga lýsir yfir fullum stuðningi við frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

f.h. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson formaður

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2015

**Efni: Umsögn laganefndar LMFÍ vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga), lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015.**

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndasviði Alþingis hinn 29. febrúar 2015, þar sem að laganefnd Lögmannafélags Íslands var boðið að skila umsögn um ofangreint frumvarp. Í tilefni af bréfinu beinir laganefnd Lögmannafélags Íslands eftirfarandi erindi til nefndarinnar.

Laganefnd telur að æskilegt geti verið að gera þá breytingu sem frumvarpið stefnir að. Með henni er fjárhagslegt óhagræði af skylduaðild veiðiréttarhafa að veiðifélögum minnkað.

Má því ætla að frumvarpið dragi úr líkum þess að skylduaðildin verði talin andstæð 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, standi yfirleitt líkur til þess. Ennfremur að óhagræði staks félaga að veiðifélagi, sem vill standa í vegi fyrir fjárhagslegri nýtingu eigna félagsins, sé léttara á vogarskálum 2. mgr. 74. gr. en óhagræði hinna sem eru sviptir arði af eign sinni fyrir mótmæli eins skyldufélaga síns.

Laganefnd telur þó hugsanlega mega skýra nánar í nefndaráliti orðalag ákvæðisins um að „ráðstafa“ eignum. Þannig gæti verið rétt að taka fram að með þessu séu veiðifélaginu ekki heimilt að stunda sjálft atvinnurekstur utan veiðitíma, heldur sé fyrst fremst horft til útleigu eigna.

Eins má velta fyrir sér hvort orðin „og þá til skyldrar starfsemi“ takmarki um of ráðstöfunarheimild veiðifélags. Þannig mætti e.t.v. taka fram, til öryggis, að við sé átt þá skyldu starfsemi „sem veiðifélagið sjálft nýtir eignina til.“ Með því væri öruggt að heimild veiðifélags næði til að leigja veiðihús til veitingareksturs og gistingar utan veiðitíma, a.m.k. hafi veiðifélagið veiðihúsið til slíkra þarfa meðan á veiðitímabilinu stendur.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Reimar Pétursson hrl., formaður

Atvinnuveganefnd,

Jón Gunnarsson, formaður,

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík.

**Ábendingar stjórnar Veiðifélags Árnesinga í tilefni af frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.**

**Pingskjal 891 - 514. mál, meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga. Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015.**

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að tilefni þess sé m.a. dómur Hæstaréttar Íslands, dags. 13. mars 2014, í máli nr. 676/2013.

Niðurstaða dómsins er að óheimilt sé án samþykkis allra félagsmanna að selja veiðihús á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitíma samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Niðurstaða Hæstaréttar Íslands byggði m.a. á eftirfarandi forsendum:

„Í þeirri reglu 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 að mönnum sé skylt að eiga aðild að veiðifélagi felst undantekning frá þeirri meginreglu fyrri málsliðar 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar að engan megi skylda til aðildar að félagi. Jafnframt er fólgin í þessari skipan takmörkun á eignarráðum fasteignareiganda hvað eignarrétt að veiði varðar. Af þessu leiðir að viðfangsefni veiðifélaga takmarkast á hverjum tíma af þeim verkefnum sem löggjafinn gagnert felur þeim og ótvírætt þarf að vera að þau séu í nánú samhengi við tilgang laganna og þau markmið sem skylduaðildinni er ætlað að tryggja. Í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 kemur fram að tilvist veiðifélaga og skylduaðild að þeim er ætlað að tryggja að markmiðum laganna samkvæmt 1. gr. verði náð, en markmið laganna samkvæmt þeirri grein er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskistofna þar og verndun þeirra. Í þessu felst meðal annars að ákvörðun veiðifélags um ráðstöfun stangveiði á félagssvæði sínu og samhliða henni ákvörðun um gisti- og veitingarekstur í veiðihúsi, sem reist hefur verið, á skilgreindum veiðitíma samkvæmt lögum nr. 61/2006 fellur tvímælaust innan þeirra marka sem lög setja starfsemi veiðifélaga, sbr. c. og d. liði 1. mgr. 37. gr. laganna. Við töku ákvörðunar um slík málefni gildir sú regla 8. mgr. 40. gr. þeirra að afl atkvæða ræður ef ekki er á annan veg mælt í lögum eða samþykktum veiðifélags. Á hinn bóginn er ákvörðun veiðifélags um að selja öðrum veiðihús á

leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar í veiðihúsi utan skilgreinds veiðitíma meiriháttar ákvörðun í skilningi óskráðra reglna eignarréttarins um sérstaka sameign og gildir þá einu hvort hún telst venjuleg eða óvenjuleg. Af þessu leiðir að til slíkrar ákvörðunar þarf samkvæmt þeim reglum samþykki allra félagsmanna.“

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið hafi ekki þótt gefa tilefni til að skoðað yrði sérstaklega samræmi við stjórnarskrá.


Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur hins vegar fullt tilefni til þess að taka til sérstakrar athugunar hvort frumvarpið samræmist stjórnarskrá. Samkvæmt Hæstarétti verða viðfangsefni veiðifélaga ótvírætt að vera í nánú samhengi við tilgang laga um lax- og silungsveiði og þau markmið sem skvlduaðildinni er ætlað að tryggja.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur brýnt að svara því áður en frumvarpið verður að lögum hvort gisti- og veitingarekstur utan veiðitíma, án samþykkis allra félagsmanna, samræmist því að skylda veiðiréttarhafa til að vera í veiðifélagi. Ekki má leika vafi á því að lagaákvæði sem felur í sér breytingar á tilgangi sérlaga um lax- og silungsveiði og hlutverki veiðifélaga uppfylli þau skilyrði sem undantekning stjórnarskrárinnar frá félagafrelsi byggir á.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að lagabreytingin muni fyrst og fremst hafa áhrif á starfsemi veiðifélaga. Af þessu tilefni vekur stjórn Veiðifélags Árnesinga athygli atvinnuveganefndar á því að tilefni framangreindrar málshöfðunar var að félagsmaður í veiðifélagi vildi ekki una því án hans samþykkis að veiðifélag væri í samkeppni við hann í ferðapjónustu utan veiðitíma. Verði frumvarpið að lögum verður veiðifélagi heimilt að vera í slíkri samkeppni við félagsmenn sína. Áhrifanna gætir því víðar en á rekstur veiðifélaga og þar af leiðandi þarf að gæta að því að frumvarpið samræmist stjórnarskránni. Kann að vera að Hæstiréttur sé þegar búinn að svara því.

Kaldaðarnesi, 20. febrúar 2015,

F.h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,



Jörundur Gauksson, formaður.